


Að skjóta sig í þekkingarfótinn



Matthías Kjeld

ÞAÐ ER ÁBYRGÐARHLUTI að tala um háskóla, einkum ef um er að ræða alvöru háskólastofnun þar sem stunduð eru vísindi og þróun auk kennslustarfsins. Kennarastarfið hefur reyndar breyst afar mikið á síðustu áratugum svo þörf væri á nýju heiti, til dæmis einhverju sem hefði svipaða merkingu og enska orðið „tutor“. Nemendur hafa núorðið sjálfkennandi hjálpargögn og hlutverk kennarans er nánast það eitt að örva og prófa framfarir nemenda og skilning. En hvað um það, kennarar eru misjafnir; þeir ýmist vekja nemendur til lífsins ellegar stinga þeim svefnþörn.

Öðru máli gegnir um vísindi og þróun. Þar eru menn við sama heygardshornið og þeir voru þegar einn helsti faðir nútímavísinda Galíleó Galílei (1564-1642; mælið allt sem mælanlegt er) var uppi. Þar verða menn enn í dag að vera frjálsir og frjóir í hugsun og móðir náttúra þolir nemendum sínum ekki gönguferðir af vegi sannleikans. Orður og titlar gagna lítt og ef von á að vera um árangur af vísindarannsóknnum útheimtir það óhemju vinnu, eða eins og engilsaxar segja „one per cent inspiration, 99 per cent perspiration“. Þróunin kemur svo í kjölfar nýrrar þekkingar og skoðanir taka við þar sem þekkingin endar. Steinn Steinarr kann að hafa hitt nagla þann á höfuðið sem skoðanir eru hengdar á þegar hann segir, „... í tvílyftu tímurbúsi má trúá hverju sem er“.

Vísindaiðkun eykur þannig gagnrýna hugsun og er talin sjálfsögð í starfi allra háskóla. Menn agast og þjálfast í frjálsri þekkingarleit. Menn vinna ekki eftir skipunum embættismanna eða stimpilklukkum. Málið er miklu alvarlegra en svo. Menn vinna eftir hugmyndum sínum og sannfæringu hvenær sem er sólarhringsins, heima og heiman, ef því er að skipta. Samkeppni ríkir um nýja þekkingu. Á Vesturlöndum eru allir háskólar reknir með þessum hætti og háskólar eru stolt þjóðanna. Aðrar stofnanir ríkis og sveitarfélaga vilja gjarnan tengjast þeim í orði. Þannig háttar hér heima á Íslandi í dag.

Á Landspítala (LSH) hefur verið sett upp stofnun sem nefnd er „Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar“ og fær hún innan við eitt prósent af veltu spítalans. Í skýrslu LSH fyrir árið 2002 segir: „Meginhlutverk skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar (SKVP) er að vinna að eflingu háskólastarfs, vísindastarfs og kennslu fyrir heilbrigðisstéttir á LSH“. Undir hatt SKVP var einnig sett staða tölfræðings LSH. Tölfræðingur tók til starfa á Landspítala fyrir tíu árum eftir tilmæli Læknaráðs og hafa læknar, læknanemar, hjúkrunarfræðingar, meinataeknar, næringarfræðingar og fleiri og fleiri leitað til hans um hjálp við rannsóknarverkefni sín. Þá hefur hann auk verkefna fyrir rannsóknastofur tekið mikinn þátt í kennslu, sérstaklega læknanema á 4. ári vegna rannsóknarverkefna í kennslunni. Er skemmst frá því að segja að komu tölfræðingsins var fagnað á Landspítala og hefur árangur ekki látið á sér standa. Verkefnaval og frágangur vísindagreina hefur stórlega batnað og fleiri greinar frá LSH hafa verið birtar í viðurkenndum erlendum tímaritum sem gera æ strangari kröfur um fagleg vinnubrögð.

Nú hefur sú undurfurða gerst að framkvæmdastjóri skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar hefur ákveðið í „sparnaðarskyni“, án ráðslags við aðrar deildir, að leggja niður stöðu tölfræðingsins. Ekki er gjörla vitað á þessu stigi hvort hér er um að ræða voðaskot í eigin fót eða hvort meðvituð atлага hafi verið gerð að því fólki sem ógnaði flatneskjunni og leitaði aðstoðar tölfræðingsins. En getur þetta gerst? Endurtekur sagan sig svona? Rannsóknarréttur kirkjunnar neyddi Galíleó til að afneita niðurstöðum rannsókna sinna. Galíleó lifir hins vegar en rétturinn var verkfæri valdhafa sem ef til vill höfðu ekki háleitari markmið en þau að mega ganga fram á svalirnar og veifa til fjöldans.

Höfundur er læknir og efnameinafræðingur.